# Skólaskip.

—

Í sambandi við söguna um drenginn sem strauk úr Engey og hinar ágætu greinar Sigurðar Magnússonar kennara um þessi mál, hefir rifjast upp fyrir mér það sem mér svo oft hefir komið í hug, er eg horfði á af hve miklum röskleik Reykjavíkurdrengir voru að reyna að sjálfmenta sig í sjómensku hér fyrir framan bryggjurnar. Hér þyrfti að vera til skólaskip. Hvergi mætti fremur koma við nauðsynlegum aga en á slíku skipi og sjá um að á sömu leið færi og í máltækinu segir, að úr göldum fola geti oft orðið góður hestur.

Helgi Pjeturss.

Vísir 13 febr. 1939